



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1227*  
*komudagur 4.3.2004*

## Akraneskaupstaður

Umhverfisnefnd Alþingis  
c/o Eva Margrét Ævarsdóttir,  
Alþingishúsinu við Austurvöll.  
150 REYKJVÍK.


Varðandi bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2004, þar sem send eru til umsagnar frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga, 302. mál.

**Skipulags- og umhverfisnefnd Akraneskaupstaðar fjallaði um málið á fundi sínum þann 1. mars 2004. Meðfylgjandi er bókun nefndarinnar ásamt minnisblaði skipulagsfulltrúa um erindið.**

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 3. mars 2004.

Virðingarfyllst,



Jón Pálmi Pálsson bæjarráttari.

JPP/gb  
Skjal 000.2/Ak-21495



## Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
Stilholti 16-18  
300 Akranesi  
410169-4449

### Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar

#### Lagafrumvörp umsagnir

Minnisblað skipulagafulltrúa vegna bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 12. febrúar 2004 þar sem frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlaga er sent til umsagnar.

Á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 1. mars 2004 var tekið fyrir framangreint erindi.

Bókun nefndarinnar

Breytingarnar varða mat á umhverfisáhrifum og sér nefndin ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir vegna þeirra.

Akranes 2.3.2004

Virðingarfyllst,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir  
skipulagsfulltrúi.

## **Skipulags- og umhverfisnefnd**

Minnispunktur vegna umsagnar um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum.

### **Lög um mat á umhverfisáhrifum**

**„Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.**

Helstu breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um eru eftirfarandi:

1. Í matsferlinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila.
2. Matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina.
3. Álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.
4. **Enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi í samræmi við viðeigandi lög taki ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.**
5. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfis og takmarkast við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum.”

*Það sem varðar sveitarfélögin er að þau veita framkvæmdaleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum. (Yfirleitt eru fleiri leyfisveitendur.) Mikilvægt er að sveitarfélögin geri sér grein fyrir þeirri vinnu og ábyrgð sem fylgjr því að kynna sér matsskýrsluna og taka rökstudda ákvörðun á grundvelli hennar. Eru sveitarfélögin í stakk búin til að sinna þessu?*

### **Skipulags- og byggingarlög**

*Þær breytingar sem verið er að gera á skipulags- og byggingarlögum hér eru beintengdar breytingum á lögum um mat á umhverfisáhrifum.*

*Rætt hefur verið um að þurfi að endurskoða ferli deiliskipulagsáætlana. Nefndin gæti svo sem komið því að hér, en eins og áður er sagt tengjast breytingarnar bara breytingu á MAU.*

Akranesi 26.02.2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,  
skipulagsfulltrúi.